

# SAMÞYKKI

## FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN LÁNSHÆFISMATS OG FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA

Ég undirritaður/undirrituð veiti Lífeyrissjóði bænda, kt: 670172-0589 fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.\* og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil.

Umboð þetta veitir Lífeyrissjóði bænda, einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánsþæfismat\* mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánsþæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánsþæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánsþæfismats.

Einnig veitir umboðið Lífeyrissjóði bænda, heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. nr. 77/2000.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Lífeyrissjóður bænda, lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Lífeyrissjóði bænda, hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Lífeyrissjóður bænda, heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

---

Staður/dagsetning

---

Nafn og kennitala